

## 8. Frumvarp

til laga um tekju- og eignarskattsauka.

(Lagt fyrir alþingi 1934).

### 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta aukreitis tekjuskatt fyrir árið 1934, sem nemur 40% af skattinum það ár, samkv. gildandi lögum. Þó skal eigi innheimta lægri fjárhæð en 5 krónur hjá hverjum gjaldanda.

### 2. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að ákveða fleiri en einn gjalddaga á skatti, samkvæmt lögum þessum og lögum nr. 74, 27. júní 1921 og breytingar á þeim lögum, ennfremur að skylda kaupgreiðendur til þess að halda eftir og skila í ríkissjóð, upp í skattgreiðslu manna, hluta af kaupi þeirra, sem nægi fyrir skattgreiðslunni.

Er ríkisstjórninni heimilt að láta gera sérstök skattmerki til notkunar við innheimtu skattsins.

### 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Í lögum nr. 13, 5. júní 1933, 2. gr., var ríkisstjórninni heimilað að innheimta viðbót við tekju- og eignarskatt fyrir árið 1933, á sama hátt og frumvarp þetta gerir ráð fyrir. Augljóst er, að engu minni ástæða er nú fyrir þessum tekjuauka ríkissjóðs.